

Mánudaginn 2. okt. 1916.

Nr. 27/1916

Björn Lindal

f.h. Hólmgeirs Þorsteinssonar o.fl.

gegn

Sigurjóni Friðjónssyni.

D ó m u r :

Árið 1897 var stofnað fjárræktarfélag Suðurþingeyinga sem hlutafélag. Rak félag þetta sauðfjárbú um nokkur ár, en á aðalfundi félagsins 17. maí 1913 kom fram tilboð frá 6. félagsmönnum um kaup á sauðfé búsins; var samþykkt á fundinum með 17 atkvæðum gegn 13 að selja fjárbú félagsins, og síðan var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 10 að taka hinu framkomna tilboði, og var á fundinum kosin 3 manna nefnd til að fá upp atkvæði þeirra félagsmanna, er eigi voru mættir á fundinum og sjá um hag Fjárræktarfélags Suðurþingeyinga gagnvart hinu nýja félagi (þ. e. kaupendum), afhenda féð í fardögum og sjá um fjárgreiðslu til hlutadeigenda.

Minni hlutinn á fundinum virðist hafa verið mjög óánægður með þessi málalok, og höfðu 9 af þeim, er greiddu atkvæði gegn umgetnu kauptilboði, þeir Hólmgeir Þorsteinsson, Gissur Hólmgeirsson og Glúmur Hólmgeirsson í Vallakoti, Sigurður Baldvinsson og Benedikt Baldvinsson í Gardi, Jón Kristjánsson í Glaumbæ, Björn Sigtryggsson á Hallbjarnarstöðum, Sören V. Jónsson í Glaumbæjarseli og Jón Sigurðsson á Hjalla, mál þetta fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu; beindu þeir málshöfðun sinni gegn stefnda

Sigurjóni Friðjónssyni bónda á Litlu-Laugum, þarð hann hafði verið formaður félagsins, er salan fór fram, fundarstjóri á fundinum 17. maí 1913 og hafði átt mestan þátt í undirbúningi sölunnar. Kröfðust þeir fyrir aukaréttinum að Sigurjón yrði dæmdur til að greiða þeim sem hluthöfum í Fjárræktarfélagi Suðurlingeyinga skadabætur fyrir sölu á sauðfjársölufélagsins, 10 kr. hverjum þeirra, eða samtals 90 kr. Ennfremur kröfðust þeir þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað að skadlausu eftir mati réttarins. — Dómkröfur sínar bygðu sækjendur á því, að þeir sem hluthafar í fjárræktarfélaginu hefðu beðið fjárhagslegt tjón við sölu fjársölufélagsins, þarð söluverðið hafi verið altöf lágt, en söluna telja þeir ólöglega með því að ekki hafi fullur helmingur atkvæðisbærra félagsmanna greitt atkvæði með henni á fundinum.

Stefndi, Sigurjón Friðjónsson, krafðist þess hins vegar að verða sýknaður af öllum kröfum og kærum sækjenda eða til vara að málinu yrði vísað frá dómi, þarð hann sé eigi réttur sakaraðili. — Lauk máli þessu svo fyrir aukaréttinum með dómi uppkveðnum 30. nóvbr. 1914, að stefndi var sýknaður af kröfum sækjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir yfirréttarmálaflutningsmaður Björn Línadal á Akureyri fyrir hönd sækjenda í héraði skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. maí þ. á.; hefir hann fyrir hönd umbjóðenda sinna lagt fram uppreisnarleyfi til áfrýjunar og gert þær kröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt



Þannig, að stefndi, Sigurjón Friðjónsson, verði dæmdur til að greiða honum 90 kr. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og allan málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. — Hinn stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og verður því málið dæmt eftir framlögðum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefndi, sem var einn meðal þeirra 6 manna, er gerði tilboð um að kaupa sauðfjäreign fjárræktarfélagsins, viðurkennir það, að hann hafi verið því fylgjandi að félagið seldi fjárbú sitt, og að hann hafi greitt atkvæði með sölunni á fundinum 17. maí 1913, en hann hafi haldið því fram, að salan á fjárbúi félagsins hafi verið lögleg. En þótt salan hefði verið ólögleg, þá neitar hann því að áfrýjendur hafi nokkurn rétt til bóta fyrir það frá sinni hálfu, fremur en frá hverjum öðrum félagsmanni, er atkvæði hafi greitt með sölunni; ef hér væri um nokkra ábyrgð að ræða, þá verði aðalábyrgðin að hvíla á framkvæmdarnefnd þeirri, er kosin var á fundinum 17. maí 1913 og framkvæmdi söluna.

Stefndi var formaður félagsins þar til á fundinum 1913, en þá var hann, að því er virðist, leystur frá þeim starfa, með því að þá var kosinn sérstök framkvæmdarnefnd til þess að annast sölu á fjäreign félagsins og sjá um skiftingu á eignum félagsins milli hluthafanna.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að hann hafi ekki bakað sér neina ábyrgð gagnvart á-

frýjendum, þótt hann sem formaður á fundinum 17. maí 1913 leyfði eða léti atkvæðagreiðslu fram fara um fram komna tillögu um sölu á fjárstofni félagsins, og þótt hann hafi reynt að afla þeirri tillögu fylgis og greitt henni atkvæði á fundinum, og þar sem ekki verður séð af málsskjölunum að stefndi, eftir fundinn 17. maí, hafi haft nokkur afskifti af stjórn félagsins eða framkvæmt söluna, verður ekki álitid að hann beri neina ábyrgð á henni gagnvart áfrýjendum. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna hinn stefnda, og er þá ekki þörf að rannsaka það atriði málsins, hvort umgetin sala á fjárbúi fjárræktarfélagsins hafi verið lögleg eða ekki.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaðadóm, bæði í aðalefninu og um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 2. október 1916.

Nr. 37/1916:

Björn Línal

gegn

Árna Jónatanssyni

og Valgeiri Árnasyni.